



Samtök um sáramedferð (SumS)

Ásta Thoroddsen, dósent við hjúkrunarfræðideild

Þann 28. október 2004 voru loksins stofnuð samtök um sáramedferð, þau fyrstu sinnar tegundar á Íslandi. Áhugafólk um sáramedferð hafði oft rætt um mikilvægi þess að stofna þverfagleg samtök, en ekkert orðið úr. Samtökin heita “Samtök um sáramedferð á Íslandi” (skammstafað SumS)(sjá logo). Á ensku nefnast þau The Icelandic Wound Healing Society (IWHS). Samtökin eru þverfagleg og hafði nefnd verið að störfum frá því í ágúst að undirbúa stofnun þeirra. Fulltrúar frá evrópsku sárasamtökunum (European Wound Management Association, EWMA) komu hingað fyrst í ágúst til að hvetja fagfólk á Íslandi til að stofna samtökin.

Markmið samtakanna, sem samþykkt voru á stofnfundinum, er að:

- stuðla að aukinni þekkingu á sárgræðslu og sáramedferð
- stuðla að samvinnu og samræmingu í meðferð sára í íslensku heilbrigðiskerfi
- skipuleggja og halda ráðstefnur og fræðslufundi um sáramedferð
- stuðla að auknum rannsóknum á sviði sáramedferðar á Íslandi
- efla samskipti milli félagsins og annarra samsvarandi félaga innan lands sem utan

Veglegt málþing var haldið á Hótel Sögu í tilefni af stofnun samtakanna og fjöldi fyrirtækja styrkti það. Þátttakendur voru á annað hundrað og var fullt út úr dyrum. Sigurður Guðmundsson, landlæknir og Finn Gottrup, prófessor í Óðinsvéum og forseti evrópsku sárasamtakanna ávörpuðu gesti. Henrik J. Nielsen, framkvæmdastjóri, kynnti evrópsku sárasamtökin, EWMA. Christine Moffat, prófessor í Englandi, talaði um fótasár og menntun á sviði sáramedferðar. Kirsten Möller, formaður dönsku sárasamtakanna talaði um þrýstingssár og algengi þeirra sem og þjónustu sem hjúkrunarfræðingar veita fólki með langvinn sár úti í samfélaginu. Finn Gottrup ræddi einnig um ýmsar hliðar sárgræðslu, sykursýkissár og fleira.

Í lok málþingsins voru sárasamtökin formlega stofnuð, lög samtakanna samþykkt og kjörin stjórn. Hana skipa: Jón Hjaltalín Ólafsson, húðlæknir, formaður; Jóna Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, varaformaður; Guðbjörg Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur, ritari; Karl Logason, æðaskurðlæknir, gjaldkeri; Aðalheiður K. Þórarinsdóttir, sjúkraþjálfari, meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Herborg Ívarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Már Kristjánsson, sérfræðingur í smitsjúkdómum.

Hvers vegna eru þverfagleg sárasamtök mikilvæg?

Meðferð sjúklunga með sár er oft á tíðum mjög langvinn og erfitt getur verið að beina slíkum sjúklungum í réttan farveg innan heilbrigðiskerfisins. Heilbrigðisstarfsmenn og aðstæður eru víðast hvar fyrir hendi, en sértæk þekking á sárum og sáramedferð oft ekki að sama skapi og iðulega skortir á samræmingu í meðferð. Finn Gottrup (2003) bendir t.d. á að niðurstöður rannsóknar, sem gerð var í Kaupmannahöfn, sýndu að einungis helmingur fólks með langvinn sárhafði fengið

sjúkdómsgreiningu, 40 % fólks með bláæðasár hafði ekki verið meðhöndlað með þrýstingi, 34% fólks með fótasár var ekki rannsakað m.t.t. sykursýki, og að í aðeins helmingi tilvika hafi þrýstingi verið aflétt hjá fólki með þrýstingssár (bls.5).

Erlendar tölur um kostnað við sármeðferð og fjölda einstaklinga með sár eru ótrúlegar. Gera má ráð fyrir að staðan á Íslandi sé sambærileg en það er þó ekki vitað, þar sem engar athuganir hafa verið gerðar í því sambandi. Það er hins vegar staðreynd að til er fólk sem hefur haft fótleggjasár árum eða áratugum saman vegna þess að meðferð er ekki byggð á þekkingu.

Í Svíþjóð er áætlað að 2,4% af fullorðnum hafi einhvern tíma fengið langvinnt fótasár, eða 5,6% af fólki 65 ára og eldri fái einhvern tíma fótleggjar- eða fótasár í meira en 6 vikur. Talan fyrir eldri konur er miklu hærri. Líklega eru tæplega 2% af fólki yfir 65 ára með opin sár á hverjum tímapunkti. Í Svíþjóð reyndist helmingur af sjúklingum með langvarandi sár sjá um þau sjálfir (Lindholm, 2003).

Rannsókn, sem framkvæmd var á Íslandi 1993, sýndi að 10% sjúklinga á sjúkrahúsum á Íslandi voru með þrýstingssár (Ásta Thoroddsen, 1999). Í Bandaríkjunum er áætlað að það kosti 500-40.000 dollara að græða hvert þrýstingssár (Lyder, 2003) Út frá algengi langvinnra sára í Skandinavíu hefur útreiknaður kostnaður við langvinn sár verið álitinn um 28 milljarðar króna árlega í Danmörku einni (Gottrup, 2003).

Það er því ljóst að kostnaður við meðhöndlun langvinnra sára er gríðarlegur. Þar við bætist mikil þjáning fólks með langvinn sár sem og skerðing á lífsgæðum, sem það býr við. Mikilvægt er að bæta þekkingu og samhæfingu í meðferð og er það m.a. hlutverk hinna nýju samtaka.

Það er von allra sem áhuga hafa á þessum málum að markmið samtakanna náist og að hið þverfaglega samstarf verði til þess að bæta hag þess fólks, sem glímir við langvinn sár. Jafnframt er mikilvægt að SumS taki þátt í alþjóðlegu samstarfi, m.a. með því að gerast meðlimir í EWMA.

Hjúkrunarfræðingar eru sérstaklega hvattir til að taka þátt í starfi samtakanna og leggja sitt af mörkum til að markmið þeirra náist. Stjórn SumS eru að vinna að því að koma á laggirnar heimasíðu. Þangað til geta þeir sem áhuga hafa á að gerast meðlimir haft samband við Jónu Kristjánsdóttur, hjúkrunardeildarstjóra göngudeildar G3 í Fossvogi, jonak@landspitali.is

Heimildir:

Ásta Thoroddsen, (1999). Pressure Ulcer Prevalence: A National Survey. *Journal of Clinical Nursing*, 8, 170-179.

Gottrup, F. (2003). Multidisciplinary wound healing concepts. *EWMA Journal*, 3(1), 5-11.

Lindholm, C. (2003). *Sár*. Stockholm: Studentlitteratur

Lyder, C.H. (2003). Pressure ulcer prevention and management. *JAMA*, 289(2), 223-6.